

## Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

8. september 2020

### Fundargerð (10)

**Fundur haldinn í salarkynnum ríkissáttasemjara, Borgartúni 21, þriðjudaginn 8. september, kl. 14.00**

Á staðnum voru:

Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir

Verkefnisstjórn: Aldís Magnýsdóttir, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.

Eftirtaldir sátu fundinn gegnum fjarfundabúnað Teams:

Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason

Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir

Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir

Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Sverrir Jónsson og Einar Mar Þórðarson

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Margrét Sigurðardóttir og Inga Rún Ólafsdóttir

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams föstudaginn 4. september.

Dagskrá:

1. **Fundargerð** 9. fundar stýrihóps 1. september samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu sem sett var á Teams eins og önnur fundargögn á föstudag. Í umfjöllun um tæknihóp var sérstaklega rætt að kalla eftir röddum og þörfun notenda þannig að tæknilausnirnar verði aðgengilegar og notendavænar.
3. **Vinnu- og samskiptareglur.** Samantekt eftir hugarflug á síðasta fundi rædd sem og tillögur til breytinga. Báru Hildi og Helgu falið að fínþússa reglurnar en efnislega voru þær samþykktar sem grundvöllur verklags og samskipta í stýrihópnum.
4. **Fræðsla – skipulag fræðslu.** Fyrir fundinum lá tillaga launagreiðenda um fyrirkomulag fræðslu sem verkefnisstjórn hafði útfært nánar eftir umræðu á síðasta fundi. Jafnframt lá fyrir tillaga frá BHM, sem m.a. fól í sér að sett vereði á laggirnar faglega skipuð fræðslunefnd sem í eigi sæti sérfræðingar þeirra sem aðild eiga að stýrihópnum. Eftir ítarlega umræðu var samstaða um að fela verkefnisstjórn að bæta í tillögu launagreiðenda tilteknum áherslum til að endurspegla tillögu BHM um að virkja sérfræðinga einstakra aðila að stýrihópnum sem tengiliði og kyndilbera í þessu verkefni. Verkefnisstjórn jafnframt falið að gæta þessara sjónarmiða í samningum við Starfsmennt og ennfremur að vinna tímasetta verkefnisáætlun og kostnaðarmat með Starfsmennt.
5. **Upphafsfundir.** Bára Hildur fór yfir dagskrá og tímasetningar einstakra funda sem boðaðir hafa verið í samráði við stýrihópinn. Fundir verða 11. og 14. september. Fulltrúar í stýrihópnum munu hafa stutt opunarávarp hver fyrir sinn hóp. Verkefnisstjórn mun senda talpunkta til að samræmis sé gætt á fundunum.
6. **Önnur mál**

- **Fjármögnun til að útbúa verkfæri.** Verkefnisstjórn greindi frá því að brýnt sé að geta keypt að ýmiss konar þjónustu til að svara þeim kröfum og óskum sem fram hafa komið um samræmd verkfæri í innleiðingunni, t.d. varðandi mönnunarmódel, kostnaðarmatsskjöl, fræðsluefni o.fl. Eftir umræðu var ákveðið að verkefnisstjórn taki saman minnisblað um þau verkefni sem við blasa og kynni þau fyrst á fundi með Sverri og Sonju Ýr. Í framhaldinu eigi Sverrir fund með öðrum fulltrúum launagreiðenda og Sonja Ýr með öðrum fulltrúum launafólks til að marka stefnu um hvernig staðið skuli að forgangsröðun, fjármögnun og ferli ákvarðana um útgjöld.
- **Erindisbréf innleiðingarhópa** allra þriggja hópanna komin á Teams. Áréttað mikilvægi þess að ríkið ákveði sína fulltrúa en allar tilnefningar hafa borist frá öðrum.
- **Stjórnun innleiðingar á betri vinnutíma í vaktavinnu.** Helga greindi frá því að hún hefði uppfært yfirlitsskjalið með tilliti til ákvarðana sem stýrihópurinn hefur tekið frá samningu þess og sent það til verkefnisstjórnar. Ábyrgð á að halda skjalinu lifandi og uppfærðu sé þar með komin í hendur verkefnisstjórnar.

Fundi slitið kl. 15:33 og næsti fundur ákveðinn sem fjarfundur þriðjudaginn 22. september nk. kl. 14. Fundargerð verður send í tölvupósti.